

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Ben Lui, A 715, skulu verða upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudagur 10. febrúar 1965.

Nr. 94/1964. **Unnur Á. Jónsdóttir**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Magnúsi Thorlacius og gagnsök (sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Kröfu, sem eigi var dómhæf, vísað frá dómstólum.
Sýknað af vaxtakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1964 og gert „þessar dómkröfur:

- 1) Að viðurkenndur verði réttur aðaláfrýjanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvixli gagnáfrýjanda, er gefinn var út 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til að nota andvirði vixilsins til greiðslu á málskostnaði, að upphæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 9. maí 1962 í hæstaréttarmálinu nr. 90/1961.
- 2) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 7% ársvexti af framangreindum málskostnaði, kr. 100.000.00, frá 1. ágúst 1962 til greiðsludags.
- 3) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati Hæstaréttar“.

Af hendi gagnáfrýjanda er málinu áfrýjað með stefnu 25. júní 1964. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með bréfi til borgarfégetans í Reykjavík 10. júlí 1957 beiddist gagnáfrýjandi þess f. h. Ryszard Gorka, Varsjá, Póllandi, að kyrrsettar yrðu eignir eiginmanns aðaláfrýjanda, Finnboga Kjartanssonar stórkaupmanns, til tryggingar kröfu, að fjárhæð \$ 44.000.00, auk vaxta og kostnaðar, og var kyrrsetning framkvæmd dagana 12. og 29. júlí 1957. Kyrrsettur var eignarhluti Finnboga í húsinu nr. 54 við Háteigsveg í Reykjavík og nokkur skrifstofugögn hans, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Til tryggingar tjónbótum vegna kyrrsetningarinnar, ef því yrði að skipta, afhenti gagnáfrýjandi fégetadómi Reykjavíkur hinn 13. júlí 1957 eiginvixil sinn, útgefinn 10. s. m. til handa borgarfégeta til greiðslu við sýningu, að fjárhæð kr. 100.000.00. Með stefnum 18. og 30. júlí 1957 höfðaði gagnáfrýjandi f. h. Ryszard Gorka síðan mál til heimtu greindra fjárhæða og staðfestingar kyrrsetninargerðum gegn Finnboga Kjartanssyni, sem fyrir dómi samþykkti þær kröfur á hendur sér. Aðaláfrýjandi, sem gerðist meðalgönguaðili þess máls, krafðist þess hins vegar, að hrundið yrði öllum kröfum gagnáfrýjanda f. h. Ryszard Gorka. Lauk því máli með dómi Hæstaréttar 9. maí 1962. Var málinu í heild vísað frá dómstólum og gagnáfrýjanda f. h. Ryszard Gorka dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, og varða kröfur aðaláfrýjanda nú hér fyrir dómi þann málskostnað.

Um 1. kröfulið aðaláfrýjanda.

Fram er komið, að hvorki var tryggingarvixill sá, sem um er að tefla, sýndur til greiðslu né neinar ráðstafanir gerðar til geymslu vixilréttarins. Eru allar kröfur samkvæmt vixlinum því fyrndar, sbr. 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. 70. gr., 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. vixillaga nr. 93/1933. Heimild til fjárnáms í vixlinum og til ráðstöfunar

uppboðsandvirðis hans getur því ekki varðað hagsmuni aðaláfrýjanda að lögum. Að svo vöxnu verður kröfulið þessum vísað frá dómstólum.

Um 2. kröfulið aðaláfrýjanda.

Eigi eru efni til að dæma gagnáfrýjanda að greiða vexti af málskostnaðarskuld Ryszard Gorka, er hér um ræðir. Ber því að dæma gagnáfrýjanda sýknu af þessum kröfulið.

Eftir atvikum og málavöxtum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

1. kröfulið aðaláfrýjanda, Unnar Á. Jónsdóttur, er vísað frá dómstólum.

Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af 2. kröfulið aðaláfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. apríl 1964, hefur Unnur Á. Jónsdóttir, Hamrahlíð 27, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. ágúst 1962, gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, f. h. Ryszard Gorka frá Varsjá í Póllandi, til vara Ryszard Gorka sjálfum, og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar til greiðslu in solidum á kr. 100.000.00 í bætur vegna kyrrsetningar á eignum stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, framkvæmdir 13. og 29. júlí 1957, og eftirfarandi málssókna auk kr. 100.000.00 málskostnaðar samkvæmt hæstaréttardómi í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka o. fl., og að Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður persónulega og f. h. Ryszard Gorka, til vara Ryszard Gorka persónulega, verði dæmdir in solidum til að viðurkenna rétt stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð á eigin sýningarvixli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdir af borgarfógetanum í Reykjavík í eignarhluta Finnboga Kjartanssonar í húseigninni nr. 54 við Háteigs-

veg hér í borg, og eftirfarandi málssókna, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostnaði, að fjárhæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka svo og til greiðslu bótafjárskuldar þeirrar, sem stefnanda kann að verða ákveðin með dómi í þessu máli auk framangreinds málskostnaðar samkvæmt dómi Hæstaréttar, hvort tveggja auk vaxta og kostnaðar, allt að því leyti sem andvirði víxilsins kann að hrökkva til. Þá kveðst stefnandi munu krefjast þess, að stefndi Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, til vara Ryszard Gorka sjálfur, og skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Finnþoga Kjartanssonar verði dæmdir in solidum til að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð, sem dæmd kann að verða stefnanda með dómi í þessu máli, auk framangreinds kr. 100.000.00 málskostnaðar, og Magnús Thorlacius persónulega og aðrir framangreindir aðiljar verði dæmdir in solidum til að greiða sömu ársvexti af nefndum kr. 100.000.00 samkvæmt dómi Hæstaréttar, hvort tveggja frá stefnudegi til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi Unnur Á. Jónsdóttir þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í máli þessu að mati réttarins.

Í greinargerð, sem lögð var fram 17. janúar 1963, krafðist stefndi Magnús Thorlacius þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu, hvernig sem málið færi.

Af hálfu stefnanda var hins vegar krafizt, að frávísunarkröfu þessari yrði hrundið og honum dæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins, en munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 18. apríl 1963.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1963 var málinu vísað frá dómi ex officio, að því er Ryszard Gorka og Magnús Thorlacius varðaði. Var þeim dómi skotið til Hæstaréttar, og féll dómur þar 17. janúar s.l. á þá leið, að hinn kærði dómur bæjarþingsins var staðfestur, að því er Ryszard Gorka varðaði. Að öðru leyti var dómurinn úr gildi felldur og málinu vísað heim til efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Unnar Á. Jónsdóttur, á hendur Magnúsi Thorlacius persónulega.

Kom málið fyrir bæjarþing aftur 6. febrúar s.l., og æskti þá lögmaður stefnandi fjögurra mánaða frests til þess að stefna Ryszard Gorka inn í málið. Neitaði umboðsmaður stefnda í þing-

inu um frekari frest, og var málið tekið til úrskurðar um það efni. Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. febrúar 1964, var synjað um hinn umbeðna frest.

Við munnlegan flutning málsins nú voru af hálfu stefnanda gerðar eftirgreindar dómkröfur: 1) Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvixli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu málskostnaðar, að upphæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 9. maí 1962 í hæstaréttarmálinu nr. 90/1961, 2) að stefndu Magnús Thorlacius og skiptaráðandinn í Reykjavík vegna þrotabús Finnboga Kjartanssonar verði dæmdir in solidum til að greiða 7% ársvexti af framangreindum málskostnaði, kr. 100.000.00, frá stefnudegi 1. ágúst 1962 til greiðsludags og 3) að sömu aðiljar og greinir í 2. lið verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi Magnús Thorlacius krefst þess nú, að máli þessu verði vísað frá dómi, að því er skiptaráðandann í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar varðar, en að hann sjálfur verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 22. þ. m. var máli þessu vísað frá dómi ex officio, að því er varðar skiptaráðandann í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar. Málsaðiljar hafa nú lýst yfir, að þeir muni ekki kæra framangreindan dóm til Hæstaréttar.

Liggur því málið nú fyrir til dómsúrlausnar um þá kröfu, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvixli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdir af borgarfégetanum í Reykjavík í eignarhluta Finnboga Kjartanssonar í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í borg, og eftirfarandi málssókna, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostnaði, að fjárhæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 90/1961: Unnur Á. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka o. fl., svo og til dóms um aðrar kröfur á hendur Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni persónulega í máli þessu.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu sem hér segir:

„Stefnandi og Finnbogi Kjartansson, stórkaupm., hér í bæ,

sem höfðu gengið í hjónaband árið 1945, skildu að borði og sæng með leyfisbréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 30. júlí 1957.

Með bréfi til borgarfégetans í Reykjavík, dags. 10. s. m., hafði Magnús Thorlacius hrl., f. h. Ryszard Gorka frá Warszawa, beiðzt kyrrsetningar á eignum Finnboga Kjartanssonar til tryggingar skuld, að fjárhæð 44.000.00 Bandaríkjadóllarar með 6% ársvöxtum frá 31. des. 1950, eins og nánar var greint í bréfi hæstaréttarlögmannsins og síðar í stefnum, til greiðsludags, auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til komi.

Kyrrsetning var síðan framkvæmd hinn 13. júlí 1957 í eignarhluta þeirra hjóna, stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í bæ. Hinn 29. s. m. var kyrrsetningunni haldið áfram og þá kyrrsettir nokkrir innanstokksmunir í skrifstofu Finnboga til tryggingar sömu skuld.

Við kyrrsetningu 13. júlí, sem framkvæmd var í húseign þeirra hjóna, var hvorugt þeirra hjóna mætt og enginn að þeirra tilstuðlan fyrir þeirra hönd, en að tilhlutan fógeta mætti Úrsúla Gunnþórsdóttir af þeirra hálfu. Aðspurð kvaðst hún eigi greiða fyrir gerðarþola og kvað sér ókunnugt um eignir hans.

Framhald kyrrsetningarinnar hinn 29. s. m. fór í fyrstu fram í skrifstofu Finnboga Kjartanssonar í húsinu nr. 12 við Austurstræti hér í bæ. Finnbogi Kjartansson var þar eigi staddur, en af hans hálfu mætti bróðir hans, Jóhann Kjartansson, og kvaðst eigi geta greitt skuldina, en vísaði á til kyrrsetningar nokkra innanstokksmuni í skrifstofunni, sem fógeti kyrrsetti. Því næst var rétturinn fluttur í skrifstofu fógeta, og mætti stefnandi þar og með henni Kristinn Gunnarsson, hrl. Mótmælti Kristinn lögaldsskröfum sem röngum.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðaði síðan mál til staðfestingar kyrrsetningargjörðinni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með tveimur stefnum, dags. 18. og 30. júlí 1957.

Mál þetta var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 3. sept. 1957. Við þá fyrirtækt málsins mætti Finnbogi Kjartansson ekki eða neinn af hans hálfu, en af hálfu frú Unnar mætti málflutningsmaður og beiddist frests í málinu. Er málið kom næst fyrir rétt hinn 27. sept., mætti Finnbogi sjálfur, viðurkenndi þá skuldina að fullu og kvað umboðsmann frú Unnar enga heimild hafa til að æskja frests í málinu á sínum vegum.

Stefnandi þessa máls hafði ritað skiptaráðandanum í Reykja-

vík bréf hinn 2. sept. 1957, þar sem hún beiddist þess, að bú þeirra hjóna yrði tekið til opinberra skipta.

Hinn 16. sept. 1957 var haldinn skiptafundur í búi þeirra hjóna. Þar mætti Kristinn Gunnarsson, hrl., fyrir frú Unni, en Finnbogi Kjartansson var sjálfur mættur. Upplýstu mættir þar og þá, að fyrir bæjarþingi Reykjavíkur væri rekið mál gegn Finnboga Kjartanssyni, að fjárhæð 44.000.00 dollarar. Umboðsmaður frúarinnar mótmælti kröfunni sem rangri, en Finnbogi kvað hana rétta. Sjálfsagt þótti að heimila konunni að ganga inn í málið og halda uppi vörnum í því, enda greiði hún þann aukakostnað, sem af andmælum hennar kynni að leiða.

Stefnanda þessa máls kom þessi skuld mjög á óvart. Hún taldi sig þekkja til manns þess, er taldi sig vera eiganda skuldarinnar, Ryszard Gorka í Warszawa. Hann hafði haft nokkur kynni af þeim hjónum á undanförunum árum, og hafði frúnni verið með öllu ókunnugt, að hann hefði nokkurn tíma talið til skuldar hjá Finnboga. Finnbogi hafði og aldrei talið skuld þessa fram á árlegum framtölum sínum til tekju- og eignarskatts. Frúin taldi því rétt að ganga inn í málið sem meðalgöngustefnandi til þess að koma fram vefengingum sínum gegn kröfunni. Höfðaði hún síðan meðalgöngumál á hendur skuldareiganda og eiginmanni sínum, Finnboga Kjartanssyni. Meðalgöngustefnan er dagsett 20. sept. 1957, en málið var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 24. s. m.

Stefndi krafðist frávísunar meðalgöngumálsins, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði bæjarþings, dags. 19. maí 1958, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar, dags. 23. júní s. á.

Frú Unnur gekk því inn í málið sem meðalgöngustefnandi og krafðist sýknu og málskostnaðar. Hinn 10. maí 1961 var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu á þá leið, að kyrrsetningargerðir stefnanda voru staðfestar og aðalstefndi, Finnbogi Kjartansson, dæmdur til að greiða aðalstefnanda fjárhæð þá, er hann hafði krafizt, ásamt vöxtum, eins og krafizt var, og krónur 48.000.00 í málskostnað. Kröfur meðalgöngustefnanda, frú Unnar Á. Jónsdóttur, voru ekki teknar til greina, en málskostnaður í meðalgöngusök felldur niður.

Frú Unnur áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu, dags. 10. maí 1961.

Honum var og gagnáfrýjað af hálfu aðalstefnanda.

Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hinn 9. maí þ. á., og féll hann á þá leið, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð ættu

að vera ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, skyldi greiða aðaláfrýjanda, Unni Á. Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Frú Unnur Jónsdóttir telur sig hafa haft mjög mikil óþægindi, skapraun, fyrirhöfn, áhyggjur og fjártjón af framangreindum kyrrsetningum og málssókn. Vill frúin benda á í því sambandi m. a., að hún hafi verið neydd til að afla sér mjög dýrrar lögfræðilegrar aðstoðar úti í Póllandi, þar til Ryszard Gorka viðurkenndi eðli hinnar sérstæðu kröfugerðar hans á hendur Finn-boga Kjartanssyni og frú Unni, konu hans.

Hún bendir enn fremur á, að hin risavaxna fjárkrafa, sem Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka gjörði á hendur eiginni hennar, hafi valdið algjörri ringulreið á fjármálum Finn-boga og þar af leiðandi hennar. Lánardrottinn Finn-boga urðu að sjálfsgöðu varir við kyrrsetningargjörðina í húseign þeirra hjóna og hröðuðu þess vegna innheimtuframkvæmdum, þ. á m. lög-tökum og fjárnámum í fasteigninni. Kom þar að lokum, að bú Finn-boga var tekið til opinberra gjaldþrotaskipta hinn 20. nóv. 1961.

Vegna hins fjármálalega öngþveitis, er frúin telur, að skapazt hafi vegna kröfugerðar Ryszard Gorka, vanrækti Finn-bogi greiðslur til frúarinnar, svo sem meðlög o. fl. Varð hún einnig á þann veg fyrir stórkostlegu fjártjóni.

Frúin bjó í húseign þeirra hjóna, og olli hin mikla óvissa í fjármálum henni miklum óþægindum, kvíða og andlegum þjáningum. Hún varð að lokum að hröklast úr húsinu, eftir að kaupandi þess á nauðungaruppbóði, er fram fór á því haustið 1961, hafði beiðzt útburðar á henni úr íbúðinni. Frú Unnur mun gera nánari grein fyrir málavöxtum við rekstur máls þessa.

Frúin kveðst hafa væntt þess, að sér yrði heimilað að leita fullnægju í tryggingu þeirri, er sett var fyrir afleiðingum kyrrsetningarinnar, fyrir þeim krónum 100.000.00, er henni voru dæmdar úr hendi gagnáfrýjanda af Hæstarétti.

Magnús Thorlacius hrl., er setti trygginguna að tilhlutan fógeta, hefur á hinn bóginn, að sögn borgarfógeta, neitað að samþykkja, að frúnni verði afhentur tryggingarvixillinn eða að greiða hann, og kveður hún sér því nauðsyn að höfða mál til viðurkenningar á heimild sinni til að gera fjárnám í nefndum víxli til sölu við opinbert uppböð til greiðslu á málskostnaðarkröfu sinni og öðrum þeim fjárhæðum, er henni kunna að

verða dæmdar úr hendi réttra viðkomenda vegna þráttnefndrar kyrrsetningar og eftirfarandi málssóknar að því leyti, sem tryggingin hrekkur til. Hún geymir sér og allan rétt til að gjöra frekari kröfur til bóta samkvæmt almennum skaðabótareglum gegn öllum þeim, er kunna að hafa stutt að kröfugerð Ryszards Gorka og framkvæmd hennar á einn eða annan veg.“

Stefnandi gerir í greinargerð svofellda grein fyrir þeirri kröfugerð sinni, sem hér liggur einkum fyrir til dómsúrlausnar:

„Svo má virðast, að beinast hafi legið við og eðlilegast hafi verið að gera fjárnám í fyrrgreindum tryggingarvísli til tryggingar oftnefndum 100.000.00 króna málskostnaði samkv. dómi Hæstaréttar, þegar sá dómur lá fyrir, og jafnframt að öldungis hafi verið óþarft að leita viðurkenningar á þeim rétti með dómi í þessu máli.

Eftir atvikum þótti þó rétt og nauðsynlegt, til að gæta ýtrasta öryggis, að hafa uppi í málinu slíka kröfu. Komu og til tvær sérstakar ástæður, er að þessu stuðluðu. Annars vegar það, að vitað var fyrirfram, að Magnús Thorlacius myndi hafa uppi varnir gegn því, að leitað væri fullnægju í víslinum fyrir málskostnaðinum, og gera mátti ráð fyrir, að nokkuð kynni að dragast, að endanleg úrlausn fengist um þennan ágreining. Á hinn bóginn var svo hitt, að ákveðin hafði verið höfðun bótamáls skv. 24. gr. laga nr. 18/1949. Frestur til höfðunar slíks máls er tíma-bundinn, og mjög hlaut að vera tvísýnt um það, að úrlausn um aðfararréttinn til vísilsins yrði fenginn, áður en fresturinn til höfðunar bótamálsins væri útrunninn.

Þótti því að öllu athuguðu rétt að fresta tilraun til fullnægju í víslinum, en leita þess í stað viðurkenningar á rétti til hennar, samhliða heimtu skaðabóta.

Eru þessar ástæðurnar til þess, að mál þetta er rekið í þessu horfi.“

Stefndi, Magnús Thorlacius, reisir sýknukröfu sína m. a. á því, að trygging við löghald sé ekki sett fyrir greiðslu málskostnaðar, heldur fyrir greiðslu bóta fyrir miska og fjártjón, þar með talin lánstraustspjöll, *er telja má löghaldið hafa valdið*. Enn fremur kveður stefndi Magnús Thorlacius, að stefnandi hefði þurft að höfða meðalgöngusökina og reka það mál allt um það, þótt málssókn gegn Finnboga hefði ekki hafizt með löghaldi. Það sé á misskilningi byggt, að löghaldspoli eigi að fá sinn málskostnað greiddan, ef löghaldið sé fellt niður, en löghaldið hafi fallið niður, um leið og Finnbogi varð gjaldþrota,

sbr. lög nr. 3/1878, 34. gr. En jafnvel þótt löghaldið hefði fallið niður af öðrum ástæðum, þá öðlist löghaldspoli engan rétt til greiðslu málskostnaðar af tryggingarfénu. Stefnandi eigi því engan rétt til fjárnáms í vixlinum, hvorki fyrir miskabótum né málskostnaði.

Þá hélt stefndi, Magnús Thorlacius, því fram við munnlegan flutning málsins, að ef talið yrði, að trygging sú, er hann setti vegna löghaldsgerðarinnar, næði til málskostnaðar, þá bæri samt sem áður að sýkna hann af þeirri ástæðu, að mál þetta væri of seint höfðað. Bú Finnboga Kjartanssonar hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1961, en við það hefði löghaldið fallið niður, svo sem fyrr greinir. Liti hann því svo á, að þriggja mánaða frestur sá, sem settur er samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949 til höfðunar sjálfstæðs bótamáls, hefði verið útrunninn, er mál þetta var höfðað með stefnu, útgefinni 1. ágúst 1962.

Ekki verður fallizt á þá röksemd stefnda, Magnúsar Thorlacius, að trygging við löghald nái eigi til málskostnaðar. Í 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949 segir, að fógeti skuli krefja þann, sem kyrrsetningar beiðist, hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni o. s. frv., og í 24. gr. sömu laga er talað um, að gerðarbeiðanda beri að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar.

Í báðum tilfellum er talað um tjón eða fjártjón, og þó að sjálf-sögðu geti þar margt komið til greina fleira en málskostnaður, myndi hann þó í flestum tilfellum vera gleggsta og ápreifanlegasta dæmið um fjártjón undir slíkum kringumstæðum, og því beinlínis óeðlilegt, ef trygging við löghald næði ekki til hans. Að vísu er í framangreindum tilvitnunum í kyrrsetningarlögin talað um tjón eða fjártjón, sem gerðarþoli hafi liðið *sakir gerðarinnar*. En eftirfarandi staðfestingarmál verður að telja svo nátengt gerðinni sjálfri, að ekki sýnist vera ástæða til að greina þar á milli í þessu tilliti.

Hins vegar verður fallizt á þá röksemd stefnda, Magnúsar Thorlacius, að mál þetta sé of seint höfðað samkvæmt 24. gr. laga nr. 18/1949, með því að löngu var liðinn þriggja mánaða frestur sá, sem þar er settur til höfðunar sjálfstæðs bótamáls, er stefna var útgefin í málinu. En svo verður að líta á, að telja beri þriggja mánaða frestinn frá niðurfalli kyrrsetningarinnar,

er bú Finnboga Kjartanssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1961, en stefna var út gefin 1. ágúst 1962.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaða málsins sú, að sýkna beri stefnda, Magnús Thorlacius, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1965.

Nr. 28/1961. Þórarinn Eyjólfsson

og

Eiríkur Þórarinsson

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni

og

Jónasi Guðjónssyni

(Magnúsi Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Tómas Tómasson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, og samdómsmennirnir Þorsteinn Ingólfsson byggingarfulltrúi og Skúli H. Skúlason trésmíðameistari hafa kveðið upp héraðsdóminn.